Guðný Zoëga
Kári Gunnarsson
Hjalti Pálsson
Bryndís Zoëga

# Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X-byggðasögurannsókn



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/177

*Forsíðumynd: Horft inn Stíflu yfir Stífluhóla og fornbýlið Geitagerði*

**© Byggðasafn Skagfirðinga**
**2017/177**

# Efnisyfirlit


1 Inngangur .... 2
2 Aðferðarfræði .... 3
3 Sléttuhlíð .... 5
3.1 Róðhóll .... 5
3.2 Mýrar .... 7
3.3 Ystihóll .... 7
3.4 Heiði .... 8
4 Fljót .... 9
4.1 Reykjarhóll .... 9
4.2 Bakki .... 11
4.3 Móskógar .... 12
4.4 Mósgerði .... 12
4.5 Stóri-Grindill .... 12
5 Stífla .... 15
5.1 Slétta .... 15
5.2 Knappsstaðir .... 21
5.3 Hvammur .... 22
6 Annað .... 24
6.1 Mögulegt fornbýli í landi Barðs .... 24
6.2 Foss .... 24
6.3 Arnarstaðasel .... 25
6.4 Sólgarður -Fornbýli (?) .... 26
7 Samantekt .... 27
8 Lokaorð .... 30
9 Heimildir .... 31
10 Fylgiskjöl .... 33

# 1 INNGANGUR




*Mynd 1. Kort yfir staðina sem rannsakaðir voru í Hrolleifsdal, Sléttuhlíð, Flókadal og Fljótum þar sem rannsóknir fóru fram sumarið 2016.*

Undanfarin 12 ár hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa 103 [1] staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.

Áhersla hefur verið lögð á staði sem komið hafa í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritara. Oft er þá um að ræða staði sem heimildir nefna en hafa annað hvort týnst eða að fjöldi og gerð minja gefa til kynna eldri og/eða flóknari byggðasögu en ætluð hefur verið. Rannsóknin miðar einnig að því að gera heildstæða könnun á byggðasögu jaðarsvæða svo sem hálendis, eyðidala, eyja og sellanda. Þannig hafa safnast upplýsingar um byggðaleifar sem ólíklegt er að hefðu orðið rannsóknarefni vegna þess hve úrleiðis þær eru. Gagnagrunnur sá sem til verður við rannsóknirnar er vistaður á Byggðasafni Skagfirðinga og útgáfa rannsóknarniðurstaðna á þess ábyrgð en niðurstöðurnar eru einnig birtar í Byggðasögunni. Rannsóknirnar 2016 voru unnar að hluta í tengslum við útgáfu áttunda bindis sem kemur út haustið 2017 og þess níunda, sem á að koma út haustið 2018.

[1] Sjá lista yfir staði sem rannsakaðir hafa verið aftast í skýrslu.

Sumarið 2009 fannst kirkjugarður frá 11. öld við byggðasögurannsóknir í Kolbeinsdal. Þar sem Byggðasafnið stendur að skrásetningu og rannsóknum á fornum kirkjugörðum í Skagafirði var ákveðið að leita jafnframt eftir ummerkjum um slík mannvirki við vettvangsvinnu í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Sumarið 2016 var ætlunin að gera könnunarskurð/i í meintan kirkjugarð á Gautastöðum í f.v. Holtshreppi sem liggur nú undir vatnsborði Stíflulóns. Vegna mikilla leysinga fylltist lónið hinsvegar fyrr en venjulega og því ekki hægt að framkvæma rannsóknina. Þess í stað var skoðaður kirkjugarður á Sléttu í Fljótum sem kom í ljós við skráningu 2015. Gautastaðir bíða því næsta árs.

Sumarið 2016 voru alls 25 staðir skoðaðir í Sléttuhlíð og Fljótum.

Vettvangsrannsókn, heimildavinna, úrvinnsla og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings, Bryndísar Zoëga, landfræðings og starfsmanna Byggðasögunnar Kára Gunnarssonar og Hjalta Pálssonar. Auk þess tóku þátt í vettvangsrannsóknum fornleifafræðingarnir Aileen Balasalle, Katie Wagner og bandaríski doktorsneminn Kathryn Catlin.

Heimildamönnum og landeigendum eru færðar kærar þakkir fyrir upplýsingar, aðstoð og leyfi til rannsókna.

Minjastofnun Íslands veitti leyfi til rannsóknanna fyrir leyfi til borkjarnatöku og vegna könnunarskurðanna.

**Númer rannsókna frá Minjastofnun**
Borkjarnar: 201606-009
Könnunarskurður Flókagarður/Blákápugarður: 201606-0024
Rannsókn kirkjugarðs á Sléttu: 201606-0079
**Númer frá Þjóðminjasafni Íslands:**
Könnunarskurður Flókagarður/Blákápugarður: 2016-31
Rannsókn kirkjugarðs á Sléttu: 2016-45

# 2 AÐFERÐAFRÆÐI

Minjar eru mældar upp með Trimble Geo7X staðsetningartæki með um 100cm skekkjumörkum. Hnitakerfi ISN93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum, bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Oftast gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru könnunarskurðir teknir. Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Mismunandi er hversu marga kjarna þarf að taka en reynt er að stilla fjölda þeirra í hóf. Jarðlögin í kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað, ljósmynduð og hnit tekið á

borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum. Þegar engin mannvist kemur fram í kjörnum eru þeir ekki skráðir sérstaklega en niðurstaðna getið í umfjöllun um minjar.

Könnunarskurðir eru hafðir eins fáir og litlir og unnt er, bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Ef komið er niður á flóknar mannvistarleifar er skurðunum lokað án frekari rannsóknar. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáist. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar. Sniðin eru svo hnitsett með Trimble 7XH sem gefur undir metra í skekkju.



*Mynd 2.Gjóska í jarðvegssniði. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svört gjóskulína H1766.*

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

*Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:*
**H3** – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag.
**LnL** – Landnámslagið, grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.
**Vj~1000** – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.
**H1104 (H1)** – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.
**H1300** – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið1300 e.Kr.
**H1766** – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.

Öll ártöl sem gefin eru upp eru eftir Kristsburð og þess er ekki sérstaklega getið í texta skýrslunnar. Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins. Jarðlög eru einnig aðgreind með númerum í hornklofum í texta. Á yfirlitsteikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri að lit. Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit. Hnitaskrá yfir minjar, töflur og teikningar með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu. Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjörnum. Staðirnir sem getið er í skýrslunni eru jafnan taldir upp í landfræðilegri röð.

Loftmyndir eru mikilvægt greiningartæki við skráningu fornleifa en þær eru oft mismunandi að gæðum og stundum teknar á þeim árstíma eða við aðstæður þar sem minjar sjást illa. Sumarið

2015 voru í fyrsta sinn teknar myndir af einstaka minjum og minjasvæðum með flygildi. Slík myndataka getur bætt miklu við greiningu minja sem erfitt að fá yfirlit yfir á jörðu niðri. Myndir úr flygildi geta bætt við fleiri sjónarhornum auk þess sem mismunandi birta, gróðurfar og nærmyndir geta betur dregið fram lögun og gerð minja.

# 3 SLÉTTUHLÍÐ



*Mynd 3. Mynd Horft til norðurs eftir endilangri skálatóft á Róðhóli. Sumarbústaðurinn í baksýn. Hvítu brotalínurnar sýna útlínur skálatóftarinnar.*

## 3.1 RÓÐHÓLL

Róðhóls er fyrst getið í kaupbréfi frá árinu 1393 þegar Pétur biskup Nikulásson á Hólum keypti jörðina.[2] Gamli torfbærinn stóð fast utan við eldra íbúðarhúsið, sem nú er. Það var byggt á sama stað og ábúendur töldu að fyrsti bærinn hefði staðið.[3] Sumarið 2015 voru kjarnar teknir í tún á Róðhóli og sýndu þeir fram á að Róðhóll hafi þegar verið í byggð fyrir 1104.

**Rannsókn 2016**

Við vettvangsrannsókn sumarið 2016 komu í ljós minjar um fornt býli, skammt sunnan við sumarhúsi sem stendur skammt norðan tjarnar um 730m suðvestur af Róðhólsbæ. Tóftir er að finna á nokkrum stöðum innan girðingar sumarbústaðalandsins. Ekki var vitað til að þarna hafi verið bær og því kom fundur þessi nokkuð á óvart. Býlisins Þórisstaða er fyrst getið í rekaskrá Hólastóls frá árinu 1374. Býlið Þórisstaðir er óþekkt en svokallaður Þórisstaðalækur hefur

---

[2] DI III, b489. Athugasemd mín: Mér finnst óþarfi að stytta í DI og nota sjálf Íslenskt fornbréfasafn...

[3] Drög að handriti Byggðasögu, 2016.

runnið rétt sunnan fornbýlisins. Hvort þarna eru fundnir Þórisstaðir verður ekki fullyrt en það má þó leiða að því líkum.[4]

### 3.1.1.1 Fornbýli við sumarbústað

Um 870m suðvestur af Róðhóli eru leifar fornbýlis. Býlið liggur 170m suður af sumarbústað sem er norðan við tjörn. Býlið hefur fyrrum legið rétt sunnan tjarnarendans þegar tjörnin var stærri. Minjar eru á nokkrum stöðum umhverfis tjörnina. Á vesturbakka tjarnarinnar var smátóft sem kjarni var tekinn í og reyndist hún eldri en 1300. Austan tjarnar var svo yngri stekkjartóft og önnur tóft með óþekkt hlutverk austan tjarnar. Við vettvangsrannsókn byggðasöguritara fannst það sem virtist aflöng skálatóft í þýfðum og mjög uppblásnum móa. Tóftin var jarðsokkin og óljós og ekki vel glögg á loftmynd. Hún lá norður-suður og veggir voru ógloggir en virtist á yfirborði um 30m löng og 7m breið. Kjarnar sem teknir voru í gólf tóftarinnar bentu til að í henni hefði verið gólf með kolum og brenndum beinum. Torf fannst í vegg en engin gjóska lá yfir. Fast norðan tóftarinnar var smærri tóft, hringlaga og rétt um 5m í þvermál. Mögulega er um að ræða leifar jarðhúss, en slík hús voru algeng á landnámsöld. Á hóli um 45m suður og upp frá skálatóftinni voru leifar fornlegrar tóftar sem hefur a.m.k. verið þrískipt. Þar fundust einnig merki um mannvist, en óvíst er hvort um íveru- eða útihús var að ræða. Það hefur aflagt fyrir 1104. Þessar þrjár tóftir sunnan tjarnarinnar tilheyra býli sem hefur verið þarna e.t.v. þegar á 10. öld. Forn hlaðinn garður liggur til norðurs frá tóftunum upp á melana í átt að Róðhóli. Líklega er um að ræða upphlaðinn göngugarð líkt og víða má finna á svæðinu.




*Mynd 4. Yfirlitsteikning af fornbýlinu og örðum minjum í landi Róðhóls.*

[4] Íslenskt fornbréfasafn III, 285.

## 3.2 MÝRAR

Mýrar eru eyðibýli sem á land að Keldum að vestan, sjó að norðan, Heiði að austan og Ystahóli að sunnan. Elsta ritheimild um jörðina er úr bókum Hólastóls frá árinu 1449 og var hún þá í eigu stólsins, skipuð leiguliðum[5] Eftir það benda ritheimildir til að búseta hafi verið stopul. Jörðin var í eigu stólsins fram til 1802 og eftir það nytjuð frá Ystahóli. Búrekstri var hætt á Mýrum 1970. Mýrar voru að fornu mati 10 hundruð, og síðar talin þriðjungur úr Ystahólseigninni.[6]

**Rannsókn 2016**

Rannsóknin 2016 miðaði að því að finna mögulegan aldur jarðarinnar með því að taka borkjarna í tún. Erfitt reyndist að taka kjarna í tún vegna þess hversu þurr og þéttur jarðvegurinn var. Tekinn var kjarni í mishæðir í hólbungu í sléttuðu túni 86m vestsuðvestur af bænum. Greinilegt er að þarna hafa staðið hús og virtust einna helst líkjast bæ en kjarni gaf engar vísbendingar um aldur eða eðli húsanna. Þegar kjarni var tekinn í öskuhaug sem sauðfé hafði gert rof í á bæjarstæði Mýra, komu í ljóst vísbendingar um byggð þar frá því fyrir 1300.

## 3.3 YSTIHÓLL



*Mynd 5. Horft til vesturs yfir leifar Ystahólskots sem eru fjárhústóftirnar í forgrunni. Forn skálatóft liggur eftir endilöngum hávaðanum bak fjárhústóftanna.*

[5] Íslenskt fornbréfasafn III, b714-715.
[6] Byggðasaga Skagafjarðar VIII bindi, handrit.

Eyðibýlið Ystihóll á land að Keldum að vestan, Mýrum að norðan og ræður Siglufjarðarvegur merkjum. Jörðin Ystihóll komst í eigu Hólastóls árið 1398[7] og var í hans eigu til ársins 1802.[8] Ystihóll er að fornu mati 30 hundruð. Árið 1861 var jörðin metin á 22,8 hundruð með eyðijörðinni Mýrum.[9]

**Rannsókn 2016**



*Mynd 6. Kjarni sem sýnir leifar móösku og kola undir 1104 gjóskunni sem sést sem hvít lína á 16cm dýpi.*

Um 120m suðvestan bæjarins á Ystahóli eru fjárhústóftir á svokölluðu Ystahólskoti. Um 50m neðan (vestan) fjárhústóftanna er sléttuð aflöng spilda í túninu. Aflöng dæld, liggur norður-suður og er um 15-20m löng. Dældin eru líklega leifar skálatóftar og rétt norðan hennar hefur verið öskuhaugur. Svæðið hefur verið sléttað og þetta er því allt fremur óglöggt á yfirborði. Við fornleifakönnun með kjarnabor sumarið 2016 kom í ljós að þar er bæjarstæði sem hefur verið aflagt áður en 1104 gjóskan féll. Engar niðurstöður fengust við boranir á bæjarstæðinu sjálfu og óvíst hvort þarna er um að ræða bæ sem hefur verið samtíða Ystahólsbænum eða hvort þarna er upphafsbýlið á jörðinni.

## 3.4 HEIÐI



*Mynd 7. Yfirlitsmynd sem sýnir ónefnda fornbýlið vestan Stafár. Sjá má túngarðinn þar sem hann liggur í boga fyrir hólinn sem stekkjartóftin er á og kjarni sem tekinn var á slétta svæðinu milli þúfnanna sýndi mannvist frá því fyrir 1104. Tóftir bæjarhúsa fundust hinsvegar ekki en svæðið er mjög uppblásið og Stafá hefur skemmt hluta túnsins.*

Heiði er nyrsta jörð í Fellshreppi og skiptir Stafá löndum að austan, gagnvart Reykjarhóli í Haganeshreppi. Jarðarinnar er fyrst getið í Sturlungasögu árið 1198 en þar greinir frá Hermundi sem þótti góður bóndi og bjó „er á Heiði heitir“.[10] Líklega hefur Heiði verið í einkaeigu nokkuð lengi fram eftir öldum en jarðarinnar er fyrst getið í bókum

---

[7] Íslenskt fornbréfasafn, 636-637
[8] Gísli Magnússon, Sala Hólastólsjarða, Skagfirðingabók 5, 148.
[9] Ný jarðabók 1861, 102.
[10] Sturlunga saga I, 292.

Hólastóls árið 1449. Hún var seld með öðrum stólsjörðum 1802. Jörðin er nú í eyði.[11]

**Rannsókn 2016**
Við vettvangsrannsóknir byggðasöguritara fundust túngarðsleifar á vestur bakka Stafár um 900m norðaustur af gamla bæjarhúsinu á Heiði. Teknir voru borkjarnar í minjarnar og kom í ljós að þar var forn mannvist.

#### 3.4.1.1 Stekkur/ónefnt fornbýli

Túngarður liggur í boga frá Stafá fyrst til vesturs á 45m löngum kafla og svo 90m til norðurs þar sem Siglufjarðarvegur liggur. Svæðið innan garðs hefur verið 100m frá norðri til suðurs og 60m frá austri til vesturs en Stafá hefur brotið af svæðinu til austurs. Svæðið er allt mjög illa farið af uppblæstri en í suðvestur túnhorninu er aflöng þýfð hólbunga sem er um 50m löng og nokkru grónari en umhverfið. Norðarlega á hólbungunni er stekkjartóft en sunnan hennar eru óljósari tóftabrot. Þegar kjarnar voru teknir sunnan stekkjarins komu í ljós ummerki um byggð bæði fyrir og eftir 1104. Engin ummerki fundust hinsvegar um bæjarhús eða aðrar tóftir sem gætu hæglega hafa orðið uppblæstri eða landbroti að bráð. Engar heimildir greina frá býli þessu sem virðist þegar hafa verið í byggð fyrir árið 1104 en óljóst hvenær búsetu lauk. Löngu síðar var byggður stekkur á bæjarstæðinu.




*Mynd 8. Yfirlitsteikning af fornbýli við Stafá í landi Heiðar.*

# 4 FLJÓT

## 4.1 REYKJARHÓLL

Reykjarhóll er vestasti bær í Haganeshreppi. Jörðin á land að Heiði í Fellshreppi að vestan og ræður Stafá merkjum fram á Stafárdal. Reykjarhóll var á eignaskrá Hóladómkirkju árið 1525 en jörðin var seld með öðrum stólsjörðum 1802.[12] Reykjarhóll var að fornu metinn á 30 hundruð en við endurmat 1861 var matið lækkað niður í 19,2 hundruð.[13]

**Rannsókn 2016**
Skoðaðar voru minjar á afbýlinu Skjóli og leitað var að fornbýlinu Skinnbrók.

---

[11] DI V, 39; Gísla Magnússon. Sala Hólastólsjarða: Skagfirðingabók 5, 1970, 147.
[12] DI IX, 302, Gísli Magnússon. Sala Hólastólsjarða: Skagfirðingabók 5, 1970, 151.
[13] Ný Jarðabók 1861, 102.



*Mynd 9. Horft til suðurs yfir fjárhústóft á fornbýlinu Skjóli. Bæjarhóllinn er fyrir miðri mynd hinu megin lækjar.*

### 4.1.1.1 Skjól

Í mynni Engjadals, vestan undir Kálfsdalshólum, um 350m ofan Siglufjarðarvegar, eru fornar tóftir. Í örnefnaskrá Margeirs á Ögmundarstöðum segir að bær þessi hafi heitið Skjól, lagst í auðn í Svartadauða (1402-1404) og ekki byggst síðan.[14] Tóftir liggja sitt hvoru megin við Engjadalslæk. Útihúsatóftir eru á tveimur stöðum austan lækjar en bæjartóftin er á dálítið upphækkuðum hóli vestan lækjar. Teknir voru kjarnar í bæjartóftina til að áætla aldur hennar. Rannsóknin sýndi fram á að þarna var vissulega um að ræða bæjarhús sem eru yngri en 1300 gjóskan en ekki var hægt að ákvarða nánar um efri tímamörk. Þó er ólíklegt að bærinn sé yngri en frá seinni hluta 18. -19. aldar.  Hinsvegar eru tóftirnar yngri en svo að bærinn hafi farið í eyði í Svarta dauða.

### 4.1.1.2 Skinnbrók

Annað býli frá svipuðum tíma segir í örnefnaskrá að hafi verið nokkuð austur með Kálfadalshólunum að neðan. Hét það Skinnbók en heimildir þessar eru byggðar á munnmælasögum. Skinnbrókar finnst hvergi getið í heimildum, utan örnefnaskrár, hafðri eftir Árna Eiríkssyni ábúanda Reykjarhóls á fyrri hluta 20. aldar. Þar segir, eftir að hafa nefnt býlið Skjól: „Aðrar bæjarrústir frá sama tíma eru alllangt austur með Kálfsdalshólunum að neðan.“

Suður og austur frá Reykjarhólnum liggur flöt mýri sem kölluð var  Sköfumýri. Hún er austasti hluti engjalanda Reykjarhóls, alllangur mýrarkriki meðfram Kálfadalshólunum austur í melhólana. Þessi mýri hefur verið grafin og þurrkuð en 680m suðaustur af Reykjarhóli í horni í mýrinni sem ekki er komin í tún og uppi við




*Mynd 10. Yfirlitsteikning sem sýnir minjar á mögulegu fornbýli sem kallað var Skinnbrók.*

[14] Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar; HSk. 1304, 4to.

brekku eru nokkrar tóftir. Ein tóftanna er yngri réttartóft en rétt vestan hennar er dálítill hóll og á honum seinni tíma mótóft. Hóllinn liggur norðvestur-suðaustur og er um 20m langur og um 15m breiður. Þegar kjarnar voru teknir í hólinn komu í ljós ummerki um mannvist fyrir 1300. Um 7m suður af hólnum var jarðsokkin tóftarupphækkun sem gæti verið samtíða leifunum á hólnum. Hvort þarna er um að ræða býlið sem kallað er Skinnbrók skal ekki fullyrt en þarna hefur einhvern tímann verið búið. Þessar minjar eru hinsvegar öllu eldri en á býlinu Skjóli.

## 4.2 Bakki

Bakki er eyðibýli sem á land að Reykjarhóli að vestan, sjó að norðan, að Laugalandi að austan og Heiði að sunnan. Bæjarstæðið eru um miðja landareignina, tæpa 100m ofan við Siglufjarðar-veg. Fyrstu heimild um Bakka er að finna í rekaskrá frá árinu 1374, sem nefnir reka í eigu Hóla-kirkju fyrir landi Minni-Bakka og Meiri-Bakka.[15] Bakki á Bökkum var talinn 20 hundruð að dýr-leika að fornu mati, árið 1861 var matið lækkað niður í 15.6 hundruð.[16] Nokkur fornbýli eru þekkt í landi Bakka og voru þrjú þeirra skoðuð sumarið 2015. Í Jarðabók segir: ,,Girðingar sjást hér í landinu, sem kallast Minni-Bakki, þar hefur aldrei byggt verið svo menn viti, en það eru munnmæli, að þar hafi sjálf jörðin áður staðið, vide supra Bakka“.[17] Höfundur Jarðarbókartexta tvítekur kenninguna um að Bakki hafi upphaflega staðið þar sem girðingar Minni-Bakka sjáist í landinu. Í örnefnaskrá segir: „Tóftir af Minna-Bakka eru á sjávarbakkanum austur undir Laugalandsmerkjum. Því hefur verið haldið fram, að þar hafi Bakkabærinn upphaflega staðið, en síðan hafi hann verið fluttur þangað, sem hann var síðast“.[18]

**Rannsókn 2016**

Teknir voru tveir kjarnar í túni Bakka til að reyna að ákvarða aldur byggðar þar. Kjarni var tekinn í smá hól við tóft í heimatúni Bakka og reyndist þar öskuhaugur. Ekki reyndist unnt að aldursgreina hauginn en þarna hefur líklega verið eitt afbýlanna sem getið er í heimildum. Kjarnar sem teknir voru í tún við sjálft bæjarstæðið sýndu að þar hafi verið byggð fyrir 1104 og því hefur bærinn verið fluttur mjög snemma hafi hann á annað borð verið færður.



*Mynd 11. Kjarni sem sýnir móösku á 23cm dýpi undir 1104 gjóskunni sem er ljósa röndin á 20cm dýpi.*

Kjarnar sem teknir voru í jarðsokknar leifar forns bæjarstæðis um 400 m norðaustur af fyrrnefndu bæjarstæði gáfu til kynna að þar hafi verið byggð fyrir 1104, jafnvel 1000.[19] Á Bakka kann líka að hafa verið tvíbýlt í upphafi eða jafnvel tveir aðskildir bæir.

---

[15] Íslenskt fornbréfasafn III, 278.
[16] Ný jarðabók 1861, 104.
[17] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 285-6.
[18] Örnefnaskrá Bakka, 4-5.
[19] Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar 2015, 28

## 4.3 Móskógar

Móskóga er fyrst getið í fornbréfi 1401.[20]Móskógar voru að fornu metnir á 20 hundruð með eyðihjáleigunni Grundarkoti, en 1861 lækkaði það í 14,2 hundruð. Þeir hafa verið í eyði síðan 1960.

**Rannsókn 2016**

Rannsókn var ekki fyrirhuguð í Móskógum 2017 en kíkt var í skurði sem grafnir höfðu verið vegna hitaveitu framkvæmda. Úr sniði mátti ráða að byggð hefur verið í Móskógum fyrir 1104 og bætti það nokkrum öldum við þekktan aldur bæjarins. Því til viðbótar fannst ruslahaugur frá óþekktu bæjarstæði, um 100 m suðvestan við eldra bæjarstæðið í Móskógum. Ekki tókst að aldursgreina þann ruslahaug.

## 4.4 Mósgerði

Mósgerði var hjáleiga frá Ystamói, fyrst getið í Jarðabók 1709: „Mósgerde. Eyðihjáleiga bygð fyrir manna minni niður við sjóinn, og varaði bygðin inn til næstu fardaga.“ Hún fór í eyði um miðja 20. öld. Búið er að slétta úr öllum minjum nema hluta fornlegra túngarða.

**Rannsókn 2016**

Mósgerði er á lágum, grónum hrygg, um 900 metra norðvestur frá heimajörðinni. Túnið var talið u.þ.b. 1,3 ha en 1949 var því bylt með jarðýtu og sléttað. Á loftmynd má sjá leifar a.m.k. tveggja, mögulega þriggja túngarða. Þarna hefur því vísast verið býli allt frá fornu fari. Hinsvegar er búið að slétta þarna nánast niður í jökulmöl og engar leifar nýrri bæjarhúsa eða fornar mannvistar fundust. Kjarni í fornt túngarðsbrot sýndi hinsvegar að veggurinn hefur líklega verið reistur upphaflega fyrir 1104 en gildaður upp að nýju eftir að gjóskan féll.



*Mynd 12. Horft eftir endilangri skálatóftinni við Miklavatn. Í forgrunni sést heytóft sem huldi suður enda skálans. Hún er grösug en skálaveggirnir lyngi grónir líkt og móarnir umhverfis.*

## 4.5 Stóri-Grindill

Stóri-Grindill er eyðibýli á Grindilsströnd norður frá Hamarslandi, frá Miklavatni til sjávar. Stóri- og Minni-Grindill voru upphaflega ein jörð sem hét Grindill. Í landnámu er greint frá Nafar-Helga sem nam land fyrir neðan Barð og upp til Tunguár í Stíflu og bjó á Grindli. Hann átti Gró ena (snar)skyggnu.[21] Í Fornbréfasafni er Grindils fyrst getið í arfsbréfi frá 1416.[22] Í hálfkirknatali Ólafs Rögnvaldssonar frá árinu 1487

---

[20] Íslenskt fornbréfasafn III, 670-671.
[21] Landnámabók 1968, 243.
[22] DI IV, 249-250.

er nefnt að á Grindli sé bænhús uppi standandi.[23] Stóri- og Minni-Grindill voru að fornu ein jörð, metin 30 hundruð. Árið 1709 var Stóri-Grindill talinn 2/3 hlutar jarðarinnar eða 20 hundruð. Árið 1861 lækkaði það í 14,1 hundrað.

**Rannsókn 2016**

Rannsóknin 2016 miðaði að því að mæla upp og taka borkjarna í tvær meintar skálatóftir í landi Stóra-Grindils til að ákvarða hvort um bæi væri að ræða og aldur þeirra ef hægt væri. Báðar tóftirnar fundust við skoðun loftmynda. Önnur tóftin lá á vestur bakka Miklavatns en hin í suðvestur horni túns á Stóra-Grindli.

### *4.5.1.1 Bæjarstæði við Miklavatn*




*Mynd 13. Yfirlitsteikning af leifum fornbýlis við Miklavatn.*

---

[23] DI V, 116-117 og 355.

Engar heimildir eru til um bæ eða minjar við MiklavatnEn skálatóft og nokkrar aðrar tóftir liggja í þýfðum móa um 40m vestur af vatnsborði Miklavatns. Þarna eru augljóslega leifar fornbýlis. Enginn túngarður var greinanlegur umhverfis tóftirnar en forn garður liggur til suðurs frá Miklavatni 120m norðan skálatóftarinnar, framhjá tóftunum. Garðurinn er hluti af flóknu kerfi garða í Fljótum. Minjar sem tilheyrt hafa býlinu eru skálatóft og öskuhaugur 17m austan hans, smá kofatóft um 40m suðaustan skálans, rústabunga sem liggur undir yngri útihúsum 60m suðaustan skálans og svo hringlaga niðurgröftur með veggjum skammt frá rústabungunni, e.t.v. leifar jarðhúss.

Skálatóftin liggur norður-suður alls 21m löng og 7m breið að utanmáli. Ekki var hægt að greina hvort tóftin hefur verið tvískipt því yngri heytóft liggur yfir suðurhluta hennar. Kjarnar sem teknir voru í tóftina sýndu að þetta var mannabústaður sem hefur líklega verið aflagður þegar 1104 gjóskan féll. Teknir voru kjarnar í rústabungu undir tóft sunnan skálans en þar kom einungis fram rótað torf en engin gjóska. Kjarni var síðan tekinn í garðinn sem liggur vestan og sunnan tóftanna og virtist hann vera undir 1104 gjóskunni og er því líklega samtíða tóftunum. Tóft af rétt, 11x6m að utanmáli er stutt vestan garðsins um 60m vestur af skálatóftinni og hefur líklega tilheyrt býlinu.

Tóftirnar eru allar vel greinanlegar en mjög jarðsokknar og hlaupnar í þúfur. Búið er að planta trjám í og umhverfis þær í tengslum við skipulagða skógrækt á svæðinu.

### 4.5.1.2 Bæjarstæði við heimatún

Um 100m beint sunnan bæjarhólsins á Stóra-Grindli er fornt bæjarstæði. Það liggur í þýfðum móa sunnan heimatúnsins, innan túngirðingar. Svæðið hefur ekki verið vélsléttað og þar eru leifar túngarðs og nokkurra yngri og eldri tófta. Skálatóftin liggur norðvestur-suðaustur, heildarlengd er 25m og breidd um 6m. Afhýsi er fyrir miðju norðaustur langhliðar skálans, 7m langt og 5m breitt. Skálatóftin virðist tvískipt en þó erfitt að fullyrða þar um þar sem veggir eru mjög jarðsokknir. Kjarnar teknir í tóftina bentu til að hún hafi verið reist eftir 1104 en aflögð 1300. Útihúsatóft sem virðist geta verið jafn gömul skálanum liggur 9m norðan hans. Aðrar tóftir voru ekki greinanlegar en svæðið er mjög þýft og um það liggja djúpar götur. Vera kann að þetta sé eldra bæjarstæði Stóra-Grindils en ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið tvíbýlt.




*Mynd 14. Skálatóft og útihúsatóft í túni á Stóra-Grindli.*

# 5 STÍFLA

## 5.1 SLÉTTA

Eyðibýlisins Sléttu er fyrst getið í sálugjafabréfi frá 1403.[24] Býlið var í eigu Hólastóls 1449. Slétta var að fornu mati 30 hundruð en færð niður í 17,8 árið 1861. Í jarðabók 1709 (bls. 310-11) er talin með í jarðamatinu býlið Minni-Slétta. Þar segir: „Minne Slietta heitir eitt örnefni hjer í landinu, sem munnmæli segja að bærinn hafi að fornu staðið, og þaðan fluttur verið þángað sem nú er hann, og sjást þar enn ljósar byggingaleifar. Sömu munnmæli segja að þar hafi þá kirkja eður bænhús verið og þykjast menn nú deili sjá til einnar tóftar, sem líklegt þykir að þetta bænhús hafi áður staðið með girðíng í líkíng kirkjugarðsleifa.“Í örnefnaskrá (bls. 1-2) segir „Fyrir utan Gormannslæk er Minni-Slétta; þar var bær einhvern tíma fyrrum. Tveir hólar eru þar mest áberandi. Heitir annar Kirkjuhóll, er hann fyrir neðan veginn; hinn heitir Stórhóll og er fyrir ofan Gamla veginn.“ Kirkju er getið á Sléttu í fornbréfasafni en þar var fallið bænhús 1480.[25]



*Mynd 15. Drónamynd af 11. aldar bæjarstæði á Minni-Sléttu í landi Sléttu. Tóftirnar liggja eftir aflangri náttúrulegri hæð. Fjærst á hólnum er kirkjugarðurinn og í fjarska má greina núverandi bæjarstæði Sléttu.*

Í örnefnaskrá (bls. 2) segir „Yzt á Sléttumóum fast við nýja veginn er holt eða hóll, sem nú er venjulega nefndur Dauðsmannshóll, og er örnefni þetta nýlegt. Tildrög þess eru þau að fyrir 3 árum var verið að taka möl til vegagerðar úr hóli þessum eða holti. Var búið að grafa allstóra

[24] Íslenskt fornbréfasafn III, 685.
[25] DI V, 355.

gryfju, þegar í ljós komu mannabein. Sagði verkstjórinn, Jóhannes Bogason, heimildamanni þessarar lýsingar, að það hefði verið líkast sem manninum hafi verið holað þarna niður tvöföldum, því þannig hafi beinin legið í gröfinni.“

**Rannsókn 2016**

Rannsóknirnar á Sléttu voru þríþættar. Ætlunin var að kanna aldur og gerð minja fornbýlisins Minni-Sléttu norðarlega í Sléttulandi. Við vettvangsrannsóknir kom svo í ljós enn eldra bæjarstæði norðan Minni-Sléttu. Þegar minjar voru skoðaðar á Minni-Sléttu kom í ljós vel varðveittar leifar kirkju- og kirkjugarðs og ákveðið var að taka þar könnunarskurði til að meta aldur garðsins. Nokkrir kjarnar voru einnig teknir í túni við Sléttubæ til að reyna að ákvarða elstu byggð þar.

### 5.1.1.1 Bæjarstæði fyrir 1104

Um 700m norðvestur af Sléttubæ og 170m norðvestur af Minni-Sléttu eru leifar skála og annarra bygginga frá elstu tíð. Engar heimildir eru til um þessar minjar né heldur þekkt örnefni. Minjarnar eru á hóli sem liggur 20m austur af gamla veginum inn Stíflu. Hóllinn liggur norðvestur-suðaustur og er um 90m langur og um 50m breiður. Í röð eftir hólnum liggja 4-5 tóftir. Fjórar eru mjög jarðsokknar og fornlegar en efst á hólnum er yngri stekkjartóft. Syðst á hólnum og hallar lítillega til suðurs eru leifar skála sem liggja eftir honum endilöngum. Dyr hafa verið á austurhlið. Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er a.m.k. 22ja metra löng. Fast sunnan er annað hvort önnur tóft eða ógleggri hluti skálans. Ef svo er þá er heildarlengd skálans 30m. Hann er 7m að breidd um miðjuna. Skálinn hefur verið tví- eða þrískiptur en einnig hefur afhýsi verið norðarlega á vestari langhlið, mjóar dyr eða op virðist hafa verið til vesturs. Kjarnar sem teknir voru í gólf skálans staðfestu að þetta var mannabústaður fyrir 1104. Veggir voru mjög jarðsokknir en vel grónir og tóftin heilleg.




Mynd 17. Fornar bæjartóftir norðan Minni-Sléttu.



Mynd 16. Horft til suðausturs eftir endilangri skálatóft sem liggur syðst á aflöngum hóli nyrst í landi Minni-Sléttu.




*Mynd 18. Yfirlitsteikning af báðum bæjarstæðunum nyrst í landi Sléttu, svokallaðri Minni-Sléttu og eldri ónefndum bæ.*

Rétt um 5m norðvestan tóftarinnar er tvískipt yngri stekkjartóft. Norðan til á hólnum eru tvær fornlegar tóftir. Vestari tóftin liggur 10m frá gamla þjóðveginum inn vestari Fljót og er vestur langhlið hennar að blása upp. Tóftin hefur legið norðvestur-suðaustur og er suður endi hennar heillegri. Hún er um 19m að lengd og virðist hafa verið tvískipt en þó kunna þetta að vera tvær samliggjandi tóftir. Rofsnið í vesturvegg var skoðað en ekki var hægt að ákvarða aldur út frá því. Torfið í tóftinni var með landnámslaginu og H3 gjóskunni en engin merki um 1104. Tóftin er líklega frá því fyrir þá gjósku.

Um 6m austan ofan nefndrar tóftar var fremur óljós skálalaga tóft. Hún snéri norðvestur- suðaustur, um 12m að lengd og 4ra metra breið. Veggir voru óverulegir á yfirborði en jarðvegseyðing er augljósari á norður hluta hóls. Í kjarna kom fram gólf íveruhúss. Vera kann að þarna á hólnum hafi verið tveir skálar eða að nyrðri skálinn sé eldri.




*Mynd 19. Yfirlitsteikning af bæjarstæði Minni-Sléttu.*

### 5.1.1.2 Minni-Slétta, bæjarstæði 1104-1300

Bæjarstæði Minni-Sléttu liggur 530m norðvestur frá Sléttu. Bæjarstæðið sjálft er á aflöngum hólhrygg sem er 120m langur

frá norðri til suðurs en um 50m breiður frá vestri til austurs. Á honum eru nokkrar fornlegar tóftir og í móunum í kring er fjöldi misgamalla tófta auk þess sem forn garðlög umlykja svæðið á tvo vegu. Tóftirnar voru mjög jarðsokknar og hlaupnar í þúfur og ekki alls staðar auðvelt að greina útlínur þeirra eða veggjaskipan en þær virtust nokkuð umfangsmiklar. Syðst á hólnum var hins vegar vel greinanlegt hringlaga mannvirki með tóft fyrir miðju sem túlkað var sem kirkjugarður og kirkja. Fallinnar kirkju er getið í heimildum frá 15. öld, og því ekki óvænt að kirkjugarður skyldi finnast. Þegar kjarnar voru teknir í garðinn, kirkjuna og tóftirnar norðan við kom í ljós að garðurinn virtist aflagður fyrir 1104 og að bærinn líklega aflagður fyrir 1300 á þessum stað. Kjarnar sem teknir voru í tóftir norðan kirkjugarðsins bentu til að þar hefði samtíða bærinn staðið en erfitt var að greina nánar lögun hans. Vestan hans var hinsvegar mjög þýfður öskuhaugur sem virtist, í það minnsta að hluta, geta verið eldri en 1104 gjóskan. Í einum kjarnanna kom einnig fram rótaður jarðvegur sem svipaði til graffyllingar. Því var ákveðið að taka könnunarskurði í garðinn til að sjá hvort niðurstöður kjarna væru réttar og hvort grafir fyndust. Ljóst er að þetta er ekki kirkja sú sem getið er í ritheimildum. Vegna þess hve tóftirnar voru stórþýfðar gáfu kjarnar misgóðar niðurstöður. Ekki vannst tími til að skoða frekar mögulega yngri bæjartóft nyrst á hólnum.

#### *5.1.1.3 Uppgröftur kirkjugarðs*

Kirkjugarðurinn er í stærra lagi sé miðað við aðra miðaldakirkjugarða í Skagafirði. Hann var sporöskjulaga, 22m á lengd frá austri til vesturs og 16m frá norðri til suðurs. Norðarlega fyrir miðju garðs var (kirkju?) tóft um 6,5m á lengd frá vetri til austurs og um 5m frá norðri til suðurs að utanmáli. Lægri og óverulegir veggir lágu í boga vestur frá tóftinni og virtust mynda annað hólf. Ef veggurinn er hluti af byggingunni hefur kirkjan í heild verið 9,7 metrar. Þetta kunna þó fremur að vera leifar eldri byggingar, e.t.v. eldri fasi kirkjunnar. Kirkjugarðsveggurinn er enn nokkuð veglegt mannvirki sunnan til, um 50cm hár og um metri á breidd. Hann var þó jarðsokknari og verr farinn en norðan til. Í norðaustur horni kirkjugarðsins hefur verið byggður kofi, um 3,5x3,8m að utanmáli. Kofinn var mun yngri en aðrar tóftir á hólnum, líklega smalakofi. Torf í kofann hafði verið skorið á tveimur stöðum innan kirkjugarðsins og mátti þar sjá niðurgreftri.



*Mynd 20. Lega skurðanna sem teknir voru í kirkjugarðinn.*

Borkjarnar sem teknir voru í kirkjugarðs- og í kirkjuveggi bentu til að hvorutveggja væru eldri en 1104 gjóskan. Engin merki um endurhleðslu voru eftir að gjóskan féll og yfir kirkjunni lá 1300 gjóskan in situ. 1104 gjóskan lá líka in situ yfir öllum kirkjugarðinum. Þann 09.08.2016 fór fram fornleifarannsókn á kirkjugarðinum. Tveir skurðir voru teknir, annar í kirkjugarðsvegg

og hinn í þann hluta kirkjugarðsins sem kjarni hafði bent til að gæti verið gröf. Ekki var tekinn skurður í kirkjutóftina.

#### 5.1.1.4 Skurður 1 – kirkjugarðsveggur




*Mynd 21. Sniðteikning af austursniði skurðar sem tekinn var syðst í kirkjugarðsvegginn.*

Skurðurinn í kirkjugarðsvegginn snéri norður-suður frá miðjum kirkjugarðsveggnum og inn í kirkjugarðinn.

Í skurðinum kom fram fallega lagskiptur torfveggur allt að 40cm hár og 90cm breiður. Í honum voru þykkar linsur af landnámslaginu og H3 gjóskunni. H1104 lá upp að garðinum innanverðum og mátti sjá gjóskuna sem mjög þunnt lag yfir um helmingi veggjar. Fokmoldarlag virtist liggja milli 1104 gjóskunnar og torfs í innanverðum garðinum auk þess sem fokmoldarlag var á milli gjóskunnar og rótaðs torflags innan garðs. Engin merki voru um að garðurinn hafi verið endurhlaðinn.



*Mynd 22. Kirkjugarðurinn með augum dróna. Kirkjugarðsveggurinn var gleggstur sunnan til (ofar) en í norðaustur horni hans má sjá kofatóft sem hefur verið hlaðin úr efni sem tekið var í garðinum.*

#### 5.1.1.5 Skurður 2 – kirkjugarður

Í kirkjugarðinn sjálfan var tekinn skurður um 2,5m suður frá kirkjuveggnum. Skurðinum var valinn staðir samkvæmt borkjarna sem hafði gefið til kynna að þarna væri rótaður jarðvegur allt niður á 70cm dýpi sem gæti bent til grafar. Aðrir kjarnar innan garðsins sýndu að einungis voru um 20-30cm niður á þétta jökulmöl. Skurðurinn snéri í upphafi norður-suður til að greina hvort sjá mætti austur-vestur niðurgreftri. Í skurðinum komu fram útlínur grafar (Gröf 1) og var hann þá stækkaður til vesturs. Gröfin kom fram á yfirborði þar sem graffyllingin var blönduð grófri jökulmöl sem skar sig frá yfirborði garðsins sem var rótuð moldar og torffylling. Grafið var til vesturs til að fá fram höfuðenda grafar og við það kom í ljóst að fast norðan grafarinnar var annar samsíða niðurgröftur (Gröf 2). Þá var skurðurinn stækkaður til norðurs til að ná inn útlínum beggja grafa.

**Gröf 1**




*Mynd 23. Hægra megin á teikningunni má sjá grafirnar tvær sem komu fram í skurði 2. Einungis var grafið niður í grafirnar vinstra megin við brotalínuna. Þar sem engin bein fundust var ekki ástæða til frekari uppgraftar. Hægra megin á mynd má sjá sniðteikningu af gröfunum tveimur.*

Sökum þess hve graffyllingin var grófgerð og erfitt að grafa hana var ákveðið að grafa einungis niður í höfuðenda grafar 1 til að sjá hvort beinagrind fyndist og hvort ástand beina réttlætti uppgröft þeirra. Stærð grafar eins og hún var grafin fram var 140cm x 57cm. Höfuðendi grafarinnar var sýnilegur í skurðinum en fótendi var ekki innan skurðar. Á 75cm dýpi var komið niður í botn grafarinnar án þess að bein fyndust. Gröfin hefur verið 47cm djúp frá upphaflegu yfirborði. Efri 30cm grafarinnar var grafið í gegn um rótað moldar og torflag og svo virðist sem að sléttað hafi verið úr garðinum að einhverju leyti en ekki var um eiginlegt lagskipt uppfyllingarlag að ræða. Um 20cm voru svo í gegn um þétta og grófa jökulmöl. Suðurhlið grafarinnar var bogin sem gæti bent til að grafið hafi verið ofan í hana til að leita beina til flutnings, líkt og vísbendingar hafa fundist um í öðrum miðaldakirkjugörðum. Þegar engin bein fundust í gröfinni var ákveðið að grafa líka niður í gröf 2.



*Mynd 24. Yfirborð grafar í skurði 2. Horft til austurs*

**Gröf 2**

Engin bein fundust heldur í gröf 2 og í botni grafarinnar var komið niður á stóran stein. Hvorki höfuð né fótendi kom fram í skurðinum en sá hluti grafar sem sást í skurði var 140cm langur. Frá yfirborði var gröfin 80cm djúp en miðað við upphaflegt yfirborð hefur hún verið alls 80cm djúp og 55cm breið. Norður hlið grafarinnar var beinn en suðurveggur var ekki greinanlegur vegna grafar 1. Einungis var opnaður um 60 langur hluti grafar. Stór steinn var í vestur enda grafar og graffylling var blönduð grófri möl í bland við mold og torf.

**Túlkun:** Engin merki voru um að kirkja eða kirkjugarður hafi verið í notkun eftir 1100. Svo virðist sem bein hafi verið fjarlægð úr gröfum við það tilefni líkt og víða eru ummerki um í skagfirskum miðaldakirkjugörðum.

## 5.2 Knappsstaðir

Knappsstaða er getið í landnámabók og þar sögð landnámsjörð Þórðar knapps.[26] Staðurinn var kirkjustaður frá öndverðu og er fyrst getið um kirkju þar í Flateyjarbók.[27] Jörðin var ómetin til forna en að nýju jarðamati 1861 var hundraðatalan 19.[28]

**Rannsókn 2016**

Skoðaðar voru minjar sem komu í ljós þegar að Stíflulón var lágt í vorbyrjun 2015. Þar komu í ljós leifar fjárhúss og ónefnds fornbýlis.

#### *5.2.1.1 Tóft – Kálfabrot?*



*Mynd 25. Drónamynd sem sýnir útihúsatóftir sem liggja jafnan undir vatnsborði Stíflulóns. Vera kann að hér séu tóftirnar Kálfabrot sem getið er um í örnefnaskrám. Norður er til vinstri á mynd.*

Um 180 norðvestan Knappsstaðakirkju, neðan (vestan) vegar eru leifar tóftar. Einungis eru eftir rótaðar leifar grjóthleðslu þar sem að tóftin liggur alla jafna undir vatnsborði Stíflulóns og hefur vatnsaginn skolað torfveggjum í burtu. Tóftin hefur verið 15m frá norðri til suðurs og 14m frá austri til vesturs. Líkist fjárhúsum og e.t.v. rétt með áfastri heytóft. Tóftin liggur á upphækkun

---

[26] Íslensk fornrit I,1968, 243
[27] Flateyjarbók I, 1944, 488-490.
[28] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 324.

sem bendir til að undir henni séu eldri byggingar. Norðan tóftarinnar var mögulegt veggjabrot um 15m langt.

Vera kann að hér sé um að ræða tóft sem kölluð var Kálfabrot. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar sem unnin var úr skrá Hannesar Hannessonar á Melbreið frá um 1940 (bls. 3) segir: „Neðan við veginn er Niðurtún með saman nafni og sunnan við bæjarlækinn. Yzt og neðst í því er gömul rúst, Kálfabrot.

#### 5.2.1.2 Ónefnt fornbýli




*Mynd 26. Túngarður og tóft á ónefndu fornbýli í Knappsstaðalandi.*

Einnig voru skoðaðar aðrar tóftir sem venjulega liggja neðan vatnsborðs í landi Knappsstaða. Um 400m norðvestur af Knappstaðabæ eru leifar tóftar og um 70m norðan hennar leifar túngarðs sem sést á 66m löngum kafla. Garðurinn liggur suðvestur-norðaustur en bogi er á honum austan til og hefur hann legið austan tóftarinnar. Tóftin liggur austur-vestur og er 19m löng og 7m breið. Torfveggir voru alveg horfnir og erfitt að greina veggi í tóftinni þar sem grjót úr undirstöðum veggja hafði skolast til. Engar upplýsingar fengust því um hvort þarna væri um íveru- eða útihús að ræða.

Túngarðurinn hefur einungis verið úr torfi og virtist nokkuð heillegur þrátt fyrir það. Efri hluta garðs hefur skolað í burtu. Lítil rétt, 5x4m að stærð hefur verið áföst garðinum að utanverðu þar sem hann beygir til suðurs. Kjarni sem tekinn var í garðinn benti til að hann væri hlaðinn eftir 1104. Þarna er líklega um að ræða leifar fornbýlis en þess er hvergi getið í heimildum.



*Mynd 27. Kjarni sem sýnir torfið í túngarðinum. 1104 gjóskan kemur oft fyrir í kjarnanum sem sýnir að torfið er tekið eftir þann tíma. Vatnið hefur hinsvegar hreinsað efri hluta garðsins í burt og því ekki hægt að greina hvort gjóska hefur legið yfir garðinum.*

## 5.3 Hvammur

Hvamms er fyrst getið í kaupbréfi frá 1398.[29] Þar var bænhús sem fallið var 1709.[30] Hvammur var með hjáleigum að fornu mati 60 hundruð en í Nýrri jarðabók 1861 er hún talin 21.3 hundruð.[31]

**Rannsókn 2016**

Tóftir á fornbýlinu Geitagerði voru mældar upp og kjarnar teknir á nokkrum stöðum.

[29] Íslenskt fornbréfasafn III, 623.
[30] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 325.
[31] Ný jarðabók 1861, 102.

#### 5.3.1.1 Geitagerði



*Mynd 28. Yfirlitsmynd af Geitagerði tekin til vesturs. Fyrir miðri mynd má sjá hólana sem tóftirnar liggja á. Innan túngarðs vinstra megin á mynd má svi sjá tvennar tóftir sem lágu upp við túngarðsvegginn.*

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hvamm (bls. 4) segir: „Yzt í hólunum [Stífluhólum] er grasi gróinn hóll; þar eru tóftarbrot; kringum hólinn er garður, sem sést vel fyrir. Þarna heitir Geitagerði, og er sagt að þar hafi einhvern tíma verið býli.“ Í annarri örnefnaskrá Margeirs (bls. 1) segir: „Geitagerð er austan við Torfdal, en í suður frá túninu, þó fremur stuttan spöl; mælt er að þar sé gamalt býli; þar eru dálitlar húsarústir og túnkenndur valllendisblettur í kring, og hálfsokkinn garður er umhverfis blettinn. Á miðjum túnblettinum er alleinkennilegur klettur á að gizka um 5m á breidd og lengd og mjókkar upp eins og topptjald. Því er trúað þar í sveit, að steinn þessi sé huldufólksbær, þó frá „gamla tímanum“, og eru til sögur um það, en þær eru nauðalíkar öðrum álfasögum“.




*Mynd 29. Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu minja á Geitagerði.*

Geitagerði liggur í Stífluhólum sunnan tjarnar um 400 suðvestur af bænum í

Hvammi. Minjarnar eru enn vel glöggar, túngarður umlykur tún sem er um 85m frá suðvestri til norðausturs og 69m frá norðvestri til suðausturs. Garðurinn er nokkuð fornfálegur og jarðsokkinn. Tvær tóftir voru innan garðs sunnanvert, önnur virtist jafn gömul garðinum, hin yngri. Tvær aðrar tóftir voru mældar upp innan garðs, báðar yngri en garðurinn. Annars vegar var fjárhús- og heytóft sem lá á hóli uppi við klettadrang innan túnsins en hin 30m neðan og norðvestan hennar. Neðri tóftin virtist sömuleiðis fjárhús eða jafnvel stekkjartóft. Báðar yngri tóftirnar standa á eldri tóftum. Til norðurs frá túngarðinum liggur fornlegur göngugarður sem tengist hinu flókna neti fornra garða sem finna má í Fljótum.

Kjarnar voru teknir í túngarð og túnið innan hans. Túngarðurinn hefur verið reistur fyrst fyrir 1104 en endurhlaðinn eftir að sú gjóska féll. Engin ummerki um mannvist fundust í kjörnum sem teknir voru í tún umhverfis tóftir en þarna er mjög þýft. Ekki vannst tími til ítarlegri rannsóknar. Þrátt fyrir að ekki væri hægt að staðfesta mannvist er nokkuð víst að þarna er um fornbýli eða einhverskonar nytjaeiningu að ræða.

# 6 Annað

Nokkrir staðir voru skoðaðir sem bættust við upphaflega áætlun. Þessir staðir fundust við vettvangsrannsóknir eða þóttu líklegir til að bæta einhverju við sögu byggðar. Einnig voru kjarnar teknir í svokallaða Flókagarð og Blákápugarð, tveir af fjölmörgum görðum í flóknu neti garða í Fljótum. Könnunarskurður var einnig tekinn í Flókagarð.

## 6.1 Útihús í landi Barðs

Skoðaðar voru fornlegar tóftir við sumarbústað í landi Barðs til að kanna hvort þar gætu verið leifar fornbýlis. Engar heimildir eru til um þessar tóftir. Kjarnar voru teknir umhverfis tóftirnar en engin mannvist fannst. Tóftirnar líta út fyrir að vera annarsvegar stekkur og hinsvegar fjárhús. Ekki var hægt að ákvarða aldur enda mjög jarðgrunnt.



*Mynd 30. Tóftir við sumarbústað í landi Barðs. Vinstra megin heimreiðar er stekkjartóft en hægra megin einhvers konar útihús, e.t.v. fjárhús.*

## 6.2 Foss

Jarðarinnar Foss í Stíflu er getið í jarðabók 1709 (bls. 315) og þar talin 20 hundruð. Þar er hún sögð hafa farið eyði ári fyrr eða 1708. Að fornu mun jörð þessi hafa verið 20 hundruð og var hún eign Hólastólsjarða.

**Rannsókn 2016**

Ekki er vitað hvað þetta býli stóð nákvæmlega en bæjarstæðið var einhversstaðar í sléttuðu túni rétt vestan árbakka við Skeiðfossvirkjun. Tekinn var kjarni í túnið þar sem einhverjar mishæðir sáust og var þar komið niður á miklar torfleifar og ruslalög. Ekki var nein gjóska í kjarna til að

ákvarða frekar aldur. Fleiri kjarnar voru ekki teknir þar sem að einungis var verið að leita bæjarstæðisins.

## 6.3 ARNARSTAÐASEL



*Mynd 31. Horft til vesturs yfir leifar beitarhúsa sem standa á fornum bæjartóftum á Arnarstaðaseli. Ljósm. Kári Gunnarsson.*




*Mynd 32. Yfirlitsteikning af minjum á Arnarstaðaseli.*

Arnarstaðasel. Í sóknarlýsingu frá árinu 1868 segir í lýsingu Fellsprests: „Selstöður eru nefndar hér, en hvergi eru þær notaðar nú á tímum; þykir það víst ekki svara kostnaði að leggja fólk til þess. Selstöður þessar eru á Arnarstöðum, frammi í Arnarstaðahlíðinni.” [32] Tóftir liggja innan túngarðs á Arnarstaðaseli sem bendir til að þar hafi einhvern tíma verið býli.

Arnarstaðasel er 1,5km innan (suðaustan) Arnarstaða. Býlið liggur ofan skurðar sem liggur eftir endilangri hlíðinni inn frá syðsta túni á

[32] Sýslu- og sóknarlýsingar II, 153.

Arnarstöðum. Þarna er túngarður sem afmarkar tún sem er um 60x60m. Garðurinn er horfinn í mýri að hluta. Innan garðs eru tvennar tóftir, annarsvegar beitarhús og hinsvegar eldri útihúsatóft. Beitarhúsatóftin stendur á tóftaupphækkun sem gæti verið lítill bæjarhóll. Tvær fornar tóftir gætu tilheyrt selstöðunni, annarsvegar tóft austan beitarhúsanna innan túngarðs og réttartóft eða kvíar rétt norðan túngarðs.

**Rannsókn 2016**

Teknir voru kjarnar í og við tóftir sem sýndu að þarna hefur verið mannabústaður eftir 1104 og bæði fyrir og eftir 1300. Byggð hefur verið aflögð fyrir 1766.

## 6.4 SÓLGARÐAR/ BARÐ-FORNBÝLI (?)

Vestan megin vegar að Sólgarðum í Fljótum er tóft með a.m.k. fimm hólfum sem líkist litlum síðari alda gangnabæ. Þessi bær hefur áður verið í landi Barðs. Teknir voru nokkrir kjarnar umhverfis tóftina og einn kjarni í gólf. Engin mannvist eða gólflag fundust í kjörnunum þannig að ekki var hægt að staðfesta að um bæjarhús væri að ræða. Engar heimildir eru um bæ á þessum stað.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftin gekk undir nafninu Bræðatóft en engar sögur fylgdu henni.[33]




*Mynd 33. Mögulegt fornbýli í landi Sólgarða.*

## 6.5 FLÓKAGARÐUR



*Mynd 34. Kjarni sem tekinn var í Blákápugarð og sýnir torfið í garðinum þar sem það liggur undir H1104 sem má sjá sem hvíta rönd hægra megin í kjarnanum.*

Tekinn var könnunarskurður í Flókagarð í Flókadal í landi Miðmós. Augljóst var að garðurinn hefur verið gildaður upp með grjóti og ekki var hægt að ákvarða aldur hans frekar. Hinsvegar hafa borkjarnar bent til að garðurinn sé að grunni eldri en 1104 en á köflum gildaður upp eftir þann tíma.

## 6.6 BLÁKÁPUGARÐUR

Teknir voru kjarnar í svokallaðan Blákápugarð í landi Sléttu. Kjarnarnir bentu til, líkt og með Flókagarð að hann sé að upplagi eldri en 1104 en endurhlaðinn á köflum eftir þann tíma.

---

[33] Byggðasaga Skagafjarðar VIII, handrit.

# 7 SAMANTEKT

Sumarið og haustið 2016 fóru fornleifarannsóknir fram á 25 minjum/minjastöðum í tengslum við verkefnið Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar. Um var að ræða nokkra staði sem órannsakaðir voru í Sléttuhlíð en meiri hluti rannsóknarinnar fór fram í Fljótum sem eru umfjöllunarefni XIII. og IX. bindis Byggðasögunnar. Könnunarskurðir voru teknir í meintan kirkjugarð á Sléttu og í Flókagarð þar sem hann liggur um jörðina Miðmó en aðrir staðir voru kannaðir með kjarnabor.

*Tafla 1. Listi yfir staði sem rannsakaðir voru 2016.*

| Tegund minja | Sérheiti | Jörð | Tegund rannsóknar | Aldur |
|---|---|---|---|---|
| Fornbýli | Óþekkt | Róðhóll | Borkjarnar | Fyrir 1104 |
| Fornbýli | Arnarstaðasel | Arnarstaðir | | 1104-1300 |
| Fornt bæjarstæði | Óþekkt | Ystióll (?) | Borkjarnar | Fyrir 1104 |
| Fornbýli við Stafá | Óþekkt | Heiði | Borkjarnar | Fyrir og eftir 1104 |
| Fornbýli | Skjól | Reykjarhóll | Borkjarnar | Eftir 1300 |
| Fornbýli (?) | Skinnbrók (?) | Reykjarhóll | Borkjarnar | Eftir 1104 fyrir 1300 |
| Bæjarstæði | Mýrar | Mýrar | Borkjarnar | Fyrir 1300? |
| Bæjarstæði | Bakki | Bakki | Borkjarnar | Fyrir 1104 |
| Bæjarstæði | Móskógar | Móskógar | Skurður | Fyrir 1104 |
| Bæjarstæði? | Óþekkt | Móskógar | Skurður | Enginn aldur |
| Fornbýli | Mósgerði | Ysti-Mór | Borkjarnar | Fyrir og eftir 1104 |
| Fornt bæjarstæði | Grindill? | Stóri-Grindill | Borkjarnar | Fyrir 1104 |
| Fornt bæjarstæði | Grindill? | Stóri-Grindill | Borkjarnar | Eftir 1104 |
| Fornt bæjarstæði | Slétta? | Slétta | Borkjarnar | Fyrir 1104 |
| Fornt bæjarstæði | Minni-Slétta | Slétta | Borkjarnar | Fyrir 1104 og milli 1104 og 1300 |
| Kirkjugarður | Slétta? | Slétta | Kjarnar/skurðir | Fyrir 1104 |
| Bæjarstæði | Slétta | Slétta | Borkjarnar | Fyrir 1300 |
| Útihús | Kálfabrot (?) | Knappsstaðir | - | Óþekkt |
| Fornbýli | Óþekkt | Knappsstaðir | Borkjarnar | Eftir 1104 |
| Útihús | | Barð | Borkjarnar | Óþekkt |
| Fornbýli | Geitagerði | Hvammur | Borkjarnar | Fyrir og eftir 1104 |
| Fornbýli (?) | | Sólgarðar | Borkjarnar | Óþekkt |
| Bæjarstæði | Foss | Foss | Borkjarnar | Fyrir 1708 |
| Garðlag | Blákápugarður | Margar jarðir | Borkjarnar | Fyrir og eftir 1104 |
| Garðlag | Flókagarður | Margar jarðir | Kjarnar | Fyrir og eftir 1104 |

